

# Skilja og lifa eftir fagnaðarerindi Krists



*Kennið þessar ritningargreinar og tilvitnanir eða aðrar reglur, ef þörf er á því, sem verða systrunum til blessunar sem þið heimsækið. Berið vitni um kenninguna. Þjóðið þeim sem þið heimsækið að deila því sem þær hafa fundið og lært.*

## Hvernig get ég betur skilið og lifað eftir fagnaðarerindinu?

**Öldungur Joseph B. Wirthlin (1917–2008) í Tólfpostulasveitinni:** „Trúfastir kirkjuþegnar ættu að líkjast eykartré og ættu að skjóta rótum djúpt í næringarríkan jarðveg grundvallarreglna fagnaðarerindisins. Við ættum að skilja og lifa eftir hinum einfalda, grunnsannleik og ekki flækja hann. Grundvöllur okkar ætti að vera traustur og eiga sér djúpar rætur svo að við stöndumst vinda freistingar, falskar kenningar, mótlæti og árásir andstæðingsins án þess að haggast eða missa fótanna. . . .

„Andleg næring er alveg eins nauðsynleg eins og mataræði í jafnvægi til að halda okkur sterkum og heilbrigðum. Við nærum okkur sjálf andlega með því að meðtaka sakramentið vikulega, lesa í ritningunum daglega, biðja daglega í

persónulegum og fjölskyldubænum og framkvæma musterisverk reglubundið. Andlegum styrk okkar má líkja við rafhlöður; þær þurfa að vera hlaðnar og þær þarf oft að endurhlaða“ (“Deep Roots,” *Ensign*, nóv. 1994, bls. 75).

## **Barbara Thompson, annar ráðgjafi í aðalforsætisráði Líknarfélagsins:**

„Systur, við þörfnumst þess nú sem aldrei fyrir að konur rísi upp og séu sterkar. Við þörfnumst kvenna sem skýra frá sannleikanum af styrk, trú og ákveðni. Við þörfnumst kvenna til að vera fordæmi réttlætis. Við þörfnumst kvenna til að starfa af kappi fyrir góðan málstað. Við þurfum að lifa þannig að líf okkar beri vitni um að við elskum himneskan föður og frelsara okkar Jesú Krist, og að gera það sem þeir hafa boðið okkur.“ (“Now Let Us Rejoice,” *Liahona* og *Ensign*, nóv. 2008, bls. 116).

**2 Ne 31:12:** „Fylgið mér þess vegna og gjörið það, sem þér hafið séð mig gjöra“

## **Hvernig blessar skilningur og það að lifa eftir fagnaðarerindinu líf okkar?**

**Dieter F. Uchtdorf forseti, annar ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu:** „Þegar við keppumst við að skilja, taka til okkar og lifa eftir réttum reglum

fagnaðarerindisins, eykst andleg sjálfsbjörg okkar. . . . Ég vitna sem postuli Drottins Jesú Krists að hann lifir, að fagnaðarerindið er satt, og að það hefur að bjóða svör við öllum persónulegum og sameiginlegum áskorunum sem börn Guðs glíma við á þessari jörð í dag.“ (“Christlike Attributes—the Wind beneath Our Wings,” *Liahona* og *Ensign*, nóv. 2005, 100, 101).

**Öldungur M. Russell Ballard í Tólfpostulasveitinni:** „Hamingjuáætlunin er aðgengileg öllum börnum hans. Ef heimurinn mundi taka við henni og lifa eftir henni yrði friður, gleði og gnægð á jörðu. Miklu af þeirri þjáningu sem við þekkjum í dag mundi útrýmt ef fólk út um heiminn myndi skilja og lifa eftir fagnaðarerindinu“ (“Answers to Life’s Questions,” *Ensign*, maí 1995, bls. 23).

**Öldungur Robert D. Hales í Tólfpostulasveitinni:** „Við verðum að lifa eftir fagnaðarerindinu með slíkum hætti að andinn verði sífellt með okkur. Ef við erum verðug, mun andinn alltaf verða með okkur. Við getum þá kennt með andanum. . . . Ástæða þess að við við biðjum, nemum í ritningunum, eigum góða vini og lifum eftir fagnaðarerindinu með hlýðni við boðorðin er sú að þegar—ekki ef, heldur þegar—erfiðleikar birtast, séum við reiðubúin“ (“Teaching by Faith,” *Liahona*, sept. 2003, 10, 14–15; *Ensign*, sept. 2003, 20, 24–25).